

3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerðina (þá sem hæst er metin), en hálfitt gjald fyrir hinar.
4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77, 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 516, 31. október 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 3. janúar 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19, 21. maí 1964, þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á lóðinni nr. 42 við Skúlagötu verður íbúðarsvæði og þjónustustarfsemi í stað miðbæjarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.